

að gefnar voru rangar upplýsingar eða tekjur hafa hækkað aftur, skal ofgreiðslan endurheimt.

10. gr.

Endurskoðun bótaupphæða.

Ákvarðaðar bætur samkvæmt þessari reglugerð skal endurskoða árlega með tilliti til breytinga á tekjum bótaþega. Hinar nýju ákvarðanir skulu almennt gilda frá 1. september ár hvert. Í sérstökum undantekningartilfellum skal þó heimilt að láta hinar breyttu tekjur hafa áhrif á útreikning bóta þegar eftir að lífeyrisþegi hefur fært sönnur á tekjulækkun.

Hafi um breytingu tekna verið að ræða, er heimilt að láta hina nýju ákvörðun gilda aftur í tímann allt að tveimur árum. Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum sem orðið hafa.

11. gr.

Úrskurðir og kæra til tryggingaráðs.

Lífeyristryggingadeild ákvarðar um vafatilfelli og ágreiningsmál vegna tekjutryggingar og skal þá gæta ákvæða stjórnýslulaga.

Ákvarðanir lífeyristryggingadeildar eru kærnanlegar til tryggingaráðs.

12. gr.

Verklagsreglur.

Tryggingastofnun ríkisins setur verklagsreglur varðandi framkvæmd þessarar reglugerðar og skulu þær hljóta umfjöllun og samþykkt tryggingaráðs.

13. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 66. gr., sbr. 17. og 18. gr. laga nr. 117/1993 með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 1999. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 485/1995 með síðari breytingu. Fjárhæðir í reglugerð þessari breytast í samræmi við reglur 18. og 65. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. desember 1998.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Eskifjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps og fundarsköp bæjarstjórnar.

1. gr.

Heiti samþykktarinnar verður: Samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

2. gr.

Í stað „sameinaðs sveitarfélags Eskifjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps“ í 3. gr. samþykktarinnar kemur: Fjarðabyggðar.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur gert samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 29. desember 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Árneshrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Árneshrepps er skipuð fimm hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstími hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Árneshrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefndin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Árneshrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndarinnar, og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga.